

Magnús vinnur „skapandi stærðfræði“.

Hins vegar er ekki eins auðvelt að skipa Magnúsi sjálfum í flokk, finna myndlist hans stað í nútímahefðum. Þegar allir angar hennar hafa verið gaumgæfdir, kemur í ljós að Magnús hefur fundið sér leið sem vörðud er af öllu í senn, gömlu og kjarnmiklu dada, súrrealisma og konseptmyndlist og stundum er erfitt, jafnvel óáskilegt, að greina á milli þessara þátta. Þó held ég að ómaksins vert sé að rýna í þessi verk út frá þeim sjónvinklum, þó svo að aðrar áherslur verði útundan í leiðinni.

Nú er dada fremur spurning um hugarfar en formlega endurnýjun eða nýsköpun.

Óstýrilátar hugmyndir

Og það er einmitt í „skapi“ margra mynda Magnúsar sem finna má hvatann frá dada, í biksvörtum húmor nokkurra þeirra, í ádrepuum og fjarstæðukenndri samsuðu ólíkra fyrirbæra. Hvað konseptlistina áhrærir, held ég að hennar gæti fyrst og fremst í framsetningu Magnúsar á þeim efnivið sem hann hefur undir höndum hverju sinni, ekki í inntaki verkanna. Konseptlistin hefur hugsanlega opnað augu hans fyrir ákveðinni tegund af lógik og hreinlegri úrvinnslu myndefnis. Hins vegar eru hugmyndir Magnúsar tíðum svo margræðar og óstýrilátar að engin leið er að halda þeim njörvudum í kerfi, eins og gerist í konseptlistinni þegar hún er hvað hördust. Til skýringar vil ég nefna nr. 9-11 „Ný grísk goðafræði“. Verkið er í þrem hlutum sem mynda kerfi eða myndröð sem „fjallar um

þau tengsl séu óbein og í mörgum tilfellum eflaust ómeðvitað. Hér á ég ekki við það pennakrot og þann útvatnaða Freudisma er gengið hefur undir nafninu súrrealismi nú í seinni tíð, mest fyrir áhrif Dalis, heldur þá hefð sem hófst með Breton upp úr 1920 og reis hæst í myndum þeirra Ernst, De Chirico, Magritte, Giacometti, Dominguez, Cornell, kannski Man Ray. Í verkum þessara höfðingja, er áhugi á orðinu, tungunni, sem rauður þráður, þar með einnig menningararfleifið Vesturlanda sem m.a. birtist í viðteknum godsögnum (mýtum).

Að útlista hugarfóstur

En þótt þeir séu svona „menningarlega“ sinnaðir er langt því frá að þeir séu uppfullir af lotningu gagnvart myndefni sínu. Tilgangur þeirra er sá að finna bakhlíðina á menningunni, hina „sönnu“ þýðingu hennar, og afhjúpa um leið þá hræsni sem henni fylgir. Veruleikinn er efniviður þeirra, vopnin eru útrúsnúningar, háð, erótík, ágengni, ofskynjanir. Fyrir mörgum þeirra, t.d. Magritte og Cornell, vakir að gera veruleika myndverka sinna svo áþreifanlegan, að áhorfandinn sannfærist um réttmæti hans og mátt. Það geta þeir með því að útlista hann svo nákvæmlega, af svo mikilli vandvirkni, að engan veginn sé hægt að misskilja markmiðið. Í þessu er auðvitað þversögn: er nokkurn tímann hægt að gera draumsýnir eða hugarfóstur svo raunverulegar að áhorfandinn fallist á þann veruleika sem þau halda fram? Spyr sá sem ekki veit.

una almennt. An þeirrar vitneskju hlýtur áhorfandinn að standa á gati andspænis helftni af því sem Magnús er að gera.

Myndlist af þessu tagi er kannski ekki í tisku hér, þar sem flestir þekkja Venus sem efnalaug, Apolló sem líkamsrækt og Artemis sem nærbuxnagerð.

Sérstaklega fjölbreytileg og skapandi er notkun Magnúsar á orðum, hugtökum og í framhaldi af því, á dæmisögum. Einstök hugtök tekur hann að sér að endurvinna í myndformi.

Stærðfræði Bibliunnar

Í mynd eins og „Heiðin há og Fjallið eina“ er viss úthvældur frasi tekinn fyrir og myndræn samsvörun hans útlistuð. Í öðru tilfalli, eins og í „Fjarskinn, buskinn“ myndunum og vegamyndunum, reynir Magnús að sýna fram á hvernig ýmis stefnu-eða hreyfingarhugtök gætu litið út í mynd. Í þriðja tilfallinu gefur hann sér tilbrigði við vel þekkt fyrirbæri, fugl, fjall, regnbogi: „Soldið lúinn fugl, þreytt fjall, lasinn regnbogi“ og túlkar þau í því ástandi. Tilgangur hans gæti verið sá sami og heimspékingsins Wittgensteins, „að gera opinbera þá fjarstæðu sem felst í málinu“.

Ekki er síður skemmtileg meðferð Magnúsar á sögunni af fjöðrinni sem varð að ótal hænnum og brauðinu og fiskunum sem margfölduðust í Nýja testamentinu, en þeim hefur hann einfaldlega breytt í myndræna stærðfræði. Manni dettur í hug „patafýsik“ Alfreds Jarry eða skapandi vísindi Duchamps, þar sem

MAGNÚS VAR HÉR

Hugleiðingar um myndlist Magnúsar Tómassonar á Kjarvalsstöðum

Sýning Magnúsar Tómassonar að Kjarvalsstöðum sætir tíðindum fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi er hún fyrsta yfirlitssýning sem opinber liststofnun á Íslandi heldur listamanni úr SÚM hópnun sáluga. Guð láti gott á vita. Margir úr þeim hópi og í tengslum við hann eiga nú að baki mikið starf og tveir þeirra listamanna, þeir Jón Gunnar Árnason og Magnús Pálsson, eru komnir á sextugsaldurinn og tími til kominn að gera úttekt á ferli þeirra.

Í öðru lagi er sýningin sú eina á Listahátíð sem nokkurn veginn uppfyllir þær kröfur sem gera á til myndlistarsýninga á þessum tvíæringi. Hún gerir allt í senn, veitir innsýn í myndheim íslensks listamanns, er yfirgripsmikil og nýstár-

á borð við Einar Baldvinsson, Veturliða og Jóhannes Geir. Þaðan fer hann yfir í málverk með augljósu poppivafi og ég held að óhætt sé að segja að Magnús byrji feril sinn í SÚM undir merki Oldenburgs, a.m.k. í námunda við hann, sjá risaniðursuðurdósirnar og risavöxnu flugurnar.

Umsagnir um samtímann

Þó rær hann ekki á alveg sömu mið og Claes hinn sænski því í ýkjum þessara verka Magnúsar er e.t.v. meir um galgopalegan húmor og aggressjón en beinar skírskotanir til neyslupjóðfélagsins.

Þau einkenni er að finna í mörgum verka hans til þessa dags, að visu í dempaðri og ísmeygilegri mynd. Í langflestum verkum Magnúsar, jafnvel þeim sem hanga saman á flóknum ljóðrænum líkingum eða eru bara „lousy-sneddy“, svo notuð séu orð listamannsins sjálfs, er að finna einhverja umsögn, sem svo aftur grundvallast á sterkri síðferðisvitund hans, nálægt því að vera það sem Jónatan Swift nefndi „indignatio“. Í sýningaraskrá ber Magnús hins vegar af sér allar síðapredikanir, sem eru allt annað fyrirbæri.

Hvörf verða síðan í myndlist Magnúsar í kringum 1968–69 með fyrstu bókunum sem fæða af sér frumhugmyndir þeirra sýniljóða sem hann hefur verið að fást við síðan. Þau hvörf eru útgangspunktur sýningarinnar að Kjarvalsstöðum, að mínu mati réttilega, því í þessum sýniljóðum og öðrum náskyldum verkum haslar Magnús sér völl í íslenskrum myndlist fyrir alvöru.

Óvenjuleg þrautseigja

Einbeiting hans að þessari afmörkuðu tegund myndlistar, þessu þrönga sjónhorni (sem hann sjálfur minnst á í formála), hefur að sönnu verið orðuð við einhæfni, jafnvel einæði, en má þá allt að einu flokka undir óvenjulega þrautseigju.

eldinn, eða réttara sagt eyðileggjngamátt eldsins og þar með manneskjunnar.

Taugar til súrrealisma

En þau nöfn sem Magnús gefur myndunum þremur, Prómeþeus,

Og Artemis er nærbuxnagerð

En þetta er útrúður sem ætlað var þá hlutverk að benda á ákveðnar hliðstæður, sameiginlegt hugarfar, fremur en að fella myndlist Magnúsar inn í tiltekið hólf.

ýmsum viðteknum hefðum í raunvísindum er umsnúð, með fjarstæðukennendum forsendum.

Goðsögnir um flugið

Mesta stórvirki Magnúsar hin síðari ár er samt útsetning hans á

Myndlist á Listahátíð Aðalsteinn Ingólfsson


leg. Flest myndlistaráhugað fólk hlýtur að hverfa af henni með nýja upplifun í sálarkirninni.

Sjaldséð fyrirbæri

Ekki sakar að Magnúsi hefur með aðstoð Þóru Kristjánsdóttur tekist það sem fáum öðrum hefur lukkast, að búa til nothæfa sýningarástöðu úr göngum og fundarsal Kjarvalsstöða.

Í þriðja lagi er myndlist Magnúsar svo sérstök í íslenskrum myndlistarhefð og sjaldséð þar að auki, að kostbær áhorfandi hlýtur að fagna því að fá af henni sémilega heillega mynd. Varla kemur annað slíkt tækifæri í bráð, svo mikið nóstur og tilstand sem fylgir sýningu af þessu tagi.

Þó væri rangt að tala hér um yfirlitssýningu í hefðbundnum skilningi Myndlistarlegar rætur Magnúsar liggja lengra aftur í tímann en þessi sýning gefur visbendingu um — í húsa- og bátamyndahefð listamanna



Úr sögu flugsins

Herostratos, Truman: sá sem gaf mannkyni eldinn, sá sem brenndi Artemishofid til að verða frægur og sá sem lét eyða Hiroshima og Nagasaki í báli vitis — þessi nöfn opna svo margar gáttir inn í menningarsöguna fyrir sémilega upplýstan áhorfanda að ekkert myndrænt kerfi getur hamið þau til lengdar.

Þó sýnist mér sem Magnús hafi e.t.v. sterkastar taugar til hinnar súrrealísku hefðar í myndlist, þótt

Allt um það verður því ekki neitað að list hans er ákaflega hugræn, intellektúel, og gerir talsverðar kröfur til áhorfandans. Honum nægir ekki að bera skynbragð á form og almenna listræna uppbyggingu myndverks, hið skynræna, heldur ætlast listamaðurinn til þess að hann sé sémilega upplýstur um goðsagnir, menningarleg stórvirki eins og pýramíðann, um Bibliúsögur, um flugspekúlásjónir Leonardos og listasög-

(Ljósmyndir: Jóhanna Ólafsdóttir).

sögu flugsins, þar sem hann tekur fyrir tilraunir mannsins til að fljúga og býr til sína eigin goðsögn úr þeim efnivið. Og því ekki það? Tilburðir ungs manns aftur í fornneskju til að fljúga hafa eflaust ekki verið burðug-ir, en þær náðu sémilega að geta af sér hina undursamlegu goðsögn af Ikarosi. Þannig verða goðsagnir einfaldlega til og sköpun þeirra hefur ætíð verið talin með æstu listum.